


# *Fótlablað Völsungu*



*2023*

# Framkvæmdastjóri/aðalstjórn

## Íþróttir í aðdraganda jóla

Skipulagt íþróttastarf er einn af hornsteinunum í hverju samfélagi. Hér á Húsavík erum við svo lánsön að eiga öflugt íþróttafélag sem býður upp á skipulagða starfsemi fyrir alla aldurshópa allt árið um kring. Allt frá börnum í leikskóla upp í eldri borgara, frá almennri hreyfingu og út í öflugt afreksstarf. Allt þetta er rekið undir merkjum félagsins og megum við sem samfélag þakka fyrir það á hverjum degi.

Starfsemi íþróttafélagsins verður aldrei öflugra en þeir sjálfbóðaliðar sem eru tilbúnir að gefa sig að starfsemi félagsins og vinna af hugsjón í þágu félagsins. Hér á Húsavík erum við svo heppin að hafa átt öflugt fólk sem er tilbúið að leggja félaginu lið með það að markmiði að efla það og um leið að sjá það dafna um ókomna tíð.

Frá 2011 hefur velta íþróttafélagsins aukist um 100 milljónir. Kröfurnar eru meiri og verkefnum hefur fjölgað. Samþættingarverkefnið er gríðarlega ánægjulegt verkefni sem Völsungur er þátttakandi í og sýnir enn og aftur hversu öflugt félagið er, að geta tekið þátt í slíku verkefni.

Á sama tíma og velta félagsins hefur aukist gríðarlega þá er alltaf krefjandi að reka íþróttafélag, hverri krónu er velt við og hún nýtt eins vel og möguleiki er á hverju sinni. Sem dæmi má nefna að 8,5 króna af hverjum 10 krónum fara í laun og ferðakostnað innan Völsungs. Í hvert skipti sem flokkur innan Völsungs fer í leik eða keppni þarf að leggja land undir fót og ferðast, ferðakostnaður félagsins hefur aukist um rúm 450% frá árinu 2011 svo dæmi sé tekið.

Nú erum við komin á tímamunkt þar sem við þurfum að setjast niður, ræða framtíðina og setja okkur stefnu og markmið til næstu ára. Það er gríðarlega mikilvægt að farið verði í samtal milli Völsungs og sveitarfélagsins um stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum. Við gætum orðið fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að skilgreina okkur sem íþrótt- og æskulýðs sveitarfélag. Tækifærin eru þarna úti og það hefur samþættingarverkefnið svo sannarlega kennt okkur. Að með samráði, samvinnu og sameiginlegu átaki er hægt að gera góða hluti enn betri.

Að því sögðu vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum, félagsmönnum, fyrirtækjum og öðrum velunnurum félagsins fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Sjálfur hlakka ég til komandi ára og þeirra verkefna sem bíða okkar.

**Gleðileg jól og farsælt komandi nýtt Völsungs ár.**  
**Jónas Halldór Friðriksson**  
**framkvæmdastjóri Völsungs**



Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.

*Jólaakveðja, aðalstjórn*

## HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR FRÍSTUNDASTYRKINN?

20.000 kr. - gildir til 31.12.23

Börn á aldrinum 2-18 ára eiga rétt á niðurgreiðslu á skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi!

[www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

Nánari upplýsingar veitir íþrótt- og tómstunda-fulltrúi hafrun@nordurthing.is

## HAVE YOU USED YOUR ACTIVITY GRANT?

20.000 kr. - Valid to 31.12.23

All children from the age 2 -18 can entitled to sports- and activity grant from Norðurþing

Gleðileg jól

# Á vit ævintýranna á nýju ári



Velkomin um bord  
[nordursigling.is](http://nordursigling.is)

**NORÐURSIGLING**  
SÍÐAN 1995

# Áramótabrenna og flugeldasýning

Kveikt verður í áramótabálkesti  
kl. 17:00 á gamlársgang

Brennan verður staðsett við Skeiðavöll  
fyrir neðan Skjólbrekku

Íbúar eru hvattir til að mæta og eiga  
góða stund saman.



## Opnunartími í sundlaug Húsavíkur yfir hátíðirnar

<b>Þorláksmessa</b>	<b>10 - 17</b>
<b>Aðfangadagur</b>	<b>10 - 14</b>
<b>Jóladagur</b>	<b>Lokað</b>
<b>Annar í jólum</b>	<b>10 - 14</b>
<b>Gamlársdagur</b>	<b>10 - 14</b>
<b>Nýársdagur</b>	<b>Lokað</b>

Aðra daga er hefðbundinn  
opnunartími



Náttúrustofa óskar  
Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.



Náttúrustofa  
Norðausturlands

# Íþróttafólk Völsungs 2022

Íþróttafólk Völsungs var loksins haldið aftur með eðlilegu móti en ekki háð takmörkunum eins og tvö síðustu ár á undan. Viðburðurinn fór fram í Hlyn fimmtudaginn 9. febrúar 2023. Á viðburðinum voru veitt verðlaun fyrir íþróttafólk Völsungs ásamt því sem viðurkenningar voru veittar fyrir starf í þágu félagsins.

Að þessu sinni fór kosningin fram með nýju sniði þar sem öllum félagsmönnum gafst kostur á að taka þátt og kjósa um íþróttafólk Völsungs og var kostningarþátttaka með ágætum.

Í kjöri til íþróttafólks Völsungs voru átta aðilar frá fimm deildum félagsins. Eftirtaldir aðilar voru í kjöri til íþróttafólks Völsungs:

- Arnar Pálmi Kristjánsson, knattspyrnumaður Völsungs 2022
- Aron Fannar Skarphéðinsson, bocciamaður Völsungs 2022
- Árdís Rún Þráinsdóttir, knattspyrnukona Völsungs 2022
- Dagný Þóra Gylfadóttir, bardagakona Völsungs 2022
- Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, blakkona Völsungs 2022
- Hólmgeir Rúnar Hreinsson, almenningsíþróttamaður Völsungs 2022
- Kjartan Páll Þórarinsson, bardagamaður Völsungs 2022
- Sigurður Helgi Brynjúlfsson, blakmaður Völsungs 2022

**Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir** var kjörin íþróttakona Völsungs fyrir árið 2022. Heiðdís átti feikilega gott blakár sem endaði á því að hún var kölluð inní A-landsliðið þar sem hún spilaði sinn fyrsta landsleik. Þar að auki tók hún við fyrirlíðabandinu hjá meistaraflokki og leiðir lið sitt í toppbaráttu efstu deildar í blaki.

**Arnar Pálmi Kristjánsson** var kjörinn íþróttamaður Völsungs fyrir árið 2022. Arnar er orðinn algjör lykilmaður í meistaraflokki í knattspyrnu þar sem hann spilaði allar mínútur í mótsleikjum liðsins á síðasta ári. Arnar hefur þrátt fyrir ungan aldur nú þegar leikið yfir 100 leiki í öllum keppnum fyrir félagið.

## Hvatningarverðlaun

Við sama tilefni voru veitt hvatningaverðlaun. Hvatningarverðlaun eru veitt þeim aðilum, 16 ára og yngri, sem eru fyrirmyndir annarra iðkenda með ástundun og dugnaði, bæði innan sem utan vallar. Það eru deildir félagsins sem tilnefna tvo fullrúa úr sínum röðum, einn af hvoru kyni. Að þessu sinni voru verðlaunin veitt einstaklingum úr blaki og knattspyrnu. Í knattspyrnu voru verðlaunin veitt þeim Davíð Leó Lund og Höllu Bríeti Kristjánsdóttur. Hjá blakdeild voru það þau Katla María Guðnadóttir og Magnús Atli Fannarsson sem hlutu hvatningarverðlaunin.

## Guðrún Kristinsdóttir hlaut gullmerki Völsungs

Á viðburðinum hlaut Guðrún Kristinsdóttir gullmerki félagsins fyrir ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Guðrún tók fyrst að sér störf fyrir Völsung sumarið 1980 og hefur verið viðriðin félagið allar götur síðan. Hún stofnaði fimleikadeild félagsins árið 1987 og var þjálfari og formaður deildarinnar í 20 ár. Guðrún tók við sem formaður Völsungs árið 2011 og sinnti því starfi allt til ársins 2018. Einkenni Guðrúnar sem formanns var hversu vel hún hélt utan um skipulag og fjármál félagsins. Guðrúnu er umhugað um félagið og hve mikilvægu hlutverki það gegnir í samfélaginu okkar. Hún er vel að því komin að hafa hlotið gullmerki félagsins.





# Jólahugvekja sóknarprests

## Í augum Guðs

Í augum Guðs  
ert þú ekki mistök.  
Ekki einhver fánýtur,  
lítillsverður einstaklingur.  
Ekki eins og hvert annað óhapp,  
misheppnaður aðskotahlutur eða slys.  
Heldur ljóð  
sem hann hefur ort.  
Ástarljóð  
ort af Guði,  
sem ætlað er  
að bera birtu og yl  
inn í aðstæður fólks.  
Stattu því vörð um sjálfan þig  
og lífið sem í þér býr.

Höf: Sigurbjörn Þorkelsson, úr bókinni Svalt.



Þessi orð er gott að lesa og minna sig á að við erum einstök og elskuð af Guði, eins við erum.

Það er óendanlega mikilvægt í öllu starfi, ekki síst með börnum og unglingum, að þau finni það, að þau eru séð. Að það er einhver sem sér þau og heyrir hvað þau eru að segja. Að þau finni að þau skipta máli, ein og sér og innan hópsins. Að þau fái viðurkenningu, hvatningu og hrós en líka stuðning þegar á móti blæs og leiðbeiningar séu veittar af umhyggju og virðingu. Íþróttastarf með ungu fólki snýr ekki bara að þol- þrek- eða tækniæfingu. Það snýst líka um samvinnu, samheldni og samkennd. Að læra að tilheyra hóp og að taka aðra inn í hópinn og lyfta öðrum upp.

Jólin er framundan. Við höldum jól og þau minna okkur á að Guð elskar hvert og eitt okkar. Þess vegna kom hann til okkar í syninum Jesús, manninum sem gekk um hér á jörð. Jesús er fyrirmynd okkar m.a. þegar kemur að samskiptum og tengslamyndun, hann sýnir okkur að mæta fólki af virðingu, ekki síst þeim sem eiga undir högg að sækja, hafa lent undir eða utangarðs. Jólin eru hátíð kærleikans, kærleika sem við ræktum með okkur alla daga, ekki bara á stórhátíðum. Kærleikurinn birtist m.a. í því að við látum okkur annt um allt fólk, stóra sem smáa. Því við erum öll í Sigurliðinu sem Sigurbjörn orti líka um:

## Í sigurliðinu

Hefur þú  
gert þér grein fyrir  
að þú ert valinn  
í lið lífsins  
af höfundi þess og fullkomnara.  
Þér var ekki ætlað  
að sitja á bekknum  
og því síður uppi í stúku  
sem áhorfandi  
að þeim leik sem lífið er.  
Þú ert kallaður  
til að stíga fram  
sem fullgildur þátttakandi.  
Láttu endilega muna um þig  
í þeim leik sem lífið er.  
Njóttu þess.  
Þú ert í sigurliðinu.

Berstu hinni heilnæmu,  
góðu baráttu  
því það er sannarlega þess virði,  
þó að á köflum geti vegferðin  
verið skrikkjótt  
og á brattann að sækja.  
Hafðu bara ávallt eitt í huga  
svo þér farnist vel.  
Þú ert valinn í liðið  
og kallaður til leiks  
sem leikmaður  
en ekki sem dómari.  
Gefðu kost á þér  
og þú munt ná  
að höndla lífið.  
Sigurbjörn Þorkelsson  
Úr bókinni Lífið er ferðalag, 2022

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**Guð gefi okkur öllum  
kærleiksrik jól, hamingju  
og góða heilsu á nýju ári.  
Jólakveðja,  
sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.**

# Boccia

Við æfum tvisvar í viku, stelpur á þriðjudögum og strákar á fimmtudögum á 1/3 velli. Í heildina eru þetta 21 iðkandi en 19 hafa sótt keppnismótin sem haldin eru.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá okkar deild og var strax í byrjun janúar farið á okkar fyrsta mót en þá var haldið til Siglufjarðar á Norðurlandsmót 2022 sem bocciafélagið Snerpa hélt. Okkar fólki tókst ekki að ná í nein verðlaun í þetta skiptið en frábært lokahóf var svo haldið um kvöldið og keyrt heim í mikilli snjóhríð en allir komumst heilir heim.

Árlega Húsavíkurmótið okkar var haldið í mars og þökkum við fyrir þátttökuna frá fyrirtækjum og einstaklingum hér í bæ því þetta er okkar helsta fjáröflun. Húsavíkormeistarar árið 2023 voru þeir félagar Ólafur Karlsson og Jónas Emilsson en þeir kalla sig Pizzakokkana. Bryndís Edda Benediktsdóttir fékk hvatningarbikar Íþróttafélags fatlaðra fyrir árið 2022 sem var afhentur þá. Einnig voru Agli Olgeirssyni og Kristínu Magnúsdóttur þakkað fyrir allt sem þau hafa gert og unnið fyrir bocciadeldina en það eru ófáar stundirnar og ferðirnar sem þau hafa farið í með okkar félögum, takk fyrir kærlega.

Í lok mars fórum við á Íslandsmótið í sveitakeppni sem haldið var í Laugardagshöllinni. Lagt var af stað að morgni föstudags og komið heim seinnipart mánudags því að loknu hverju Íslandsmóti er haldið lokahóf á sunnudagskvöldi og því gist þrjár nætur á hóteli. Þetta er ekki hægt að gera nema með frábæru starfsfólki sem við í deildinni viljum þakka kærlega fyrir alla aðstoðina. Aron Fannar Skarphéðinsson, Ólafur Karlsson og Sigurður Haukur Vilhjálmsson unnu 2. deildina en í 3. sæti í sömu deild urðu Kristbjörn Óskarsson, Kristín Smith og Kristófer Ástvaldsson en hann kemur frá Viljanum Seyðisfirði en keppir með Völsungi á sveitamóti.

Hængsmótið var í byrjun mars á Akureyri og er haldið að venju af Kiwanisklúbbnum Hæng og endað með lokahófi. Ekki komum við heim með nein verðlaun en munaði litlu. Eftir þetta mót er svo farið í sumarfrí.

Bocciadeildin átti keppanda á Special Olympics World games í Berlín í sumar en Hildur Sigurgeirsdóttir var valin til að fara fyrir hönd Íslands og einnig Birgir Viðarsson sem kemur úr bocciadeild Suðra á Selfossi. Fékk ég að fylgja Hildi út og var þessi upplifun stórkostleg í alla staði og utanumhaldið frábært. Ekki var það verra að Hildur stóð sig einstaklega vel og vann bronsverðlaun í einstaklingskeppni í sínum riðli en það er raðað eftir styrkleika í riðla svo að keppnin verði sem jöfnust. Hildur og Birgir unnu svo aftur til bronsverðlauna í sínum styrkleika sem er frábær árangur hjá þeim.

Í september héldum við í Völsungi Norðurlandsmót 2023 og áttum við Norðurlandsmeistarar í þetta skiptið þá Kristbjörn Óskarsson og Einar Baldvinsson og í 3. sæti voru Sigurður Haukur Vilhjálmsson og Kristín Smith. Að lokum var svo haldið lokahóf á Fosshótel með dansleik og tilheyrandi stuði. Viljum við í deildinni þakka Kiwanismönnum fyrir að standa að dómgæslu á þessu móti því ekki er hægt að halda mót án hennar.

Við enduðum svo bocciatímabilið árið 2023 með því að fara á Íslandsmótið í einliðaleik á Sauðakrók í október. Aron Fannar Skarphéðinsson varð í 3. sæti í 2. deild og nýliðarnir okkar Sindri Gauksson í 2. sæti í 6. deild og Sigþór Orri Arnarson hafnaði í 4. sæti í sömu deild eftir harða baráttu um 3. sætið. Allir Völsungar stóðu sig einstaklega vel í öllum deildum en þessi mót verða alltaf meira og meira krefjandi með topp spilurum.



**Jólakveðja**  
**Rannveig Þórðardóttir**  
**Formaður og þjálfari Bocciadeildar Völsungs.**





# ÞÚ ERT ALLTAF NÚMER 1

í röðinni hjá okkur



Við látum þig ekki bíða því þín viðskipti skipta okkur máli.  
Hafðu samband við þinn þjónustufulltrúa og fáðu ráðgjöf.



**SPARISJÓÐUR**

Suður-Þingeyinga

– fyrir þig og þína

Laugar – Húsavík – [www.spar.is](http://www.spar.is) – [spthin@spthin.is](mailto:spthin@spthin.is) – 464 6200

# BJJ

## Brasilískt JuiJitzu

Nú er þriðja starfsári glímunnar að ljúka og óhætt að segja að uppgangur íþróttarinnar sé talsverður, bæði hér á Húsavík sem og víðsvegar á landinu. Iðkendahópurinn stækkar hægt en örugglega og þegar best lætur getur verið ansi þétt skipað á dýnunum. Þröngt mega sáttir sitja sagði einhver. Æft er fjórum sinnum í viku og því engin furða að iðkendur taki hröðum framförum. Nú eru bláu beltin innan deildarinnar orðin sjö talsins og fjöldi iðkenda er á góðri leið með að ná þeim árangri líka. Glímudeildin á í góðu samstarfi við klúbba víðsvegar á landinu og fékk fjölda gestapjálfa í heimsókn á árinu. Keppendur frá deildinni náðu góðum árangri á mótum á árinu, nú síðast á Íslandsmeistaramóti BJÍ í Reykjavík, en tvær medaljur í kvennaflokkum komu með norður. Deildin ætlar sér stóra hluti á nýju ári og stefnan er sett á að stækka og breikka iðkendahópin enn frekar. Það má með sanni segja að framtíð glímunnar á Húsavík sé björt!







# Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Völsungs heldur utan um yngri flokka félagsins. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningu þjálfara. Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Nú skipa ráðið Berglind Jóna Þorláksdóttir, Freyr Ingólfsson, Rúnar Traustason og Sólveig Ása Arnarsdóttir. Þá situr framkvæmdarstjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn. Einnig situr yfirþjáfari yngri flokka í knattspyrnu fundi ráðsins. Þau Benedikt Þór Jakosson, Guðrún Þórhildur Emilsdóttir og Valgeir Sigurðsson létu af störfum úr barna- og unglingaráði á árinu og kunnum við þeim bestu þakkar fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu barnanna okkar.

Þau Elmar Örn Guðmundsson, Linda Birgisdóttir, Óskar Páll Davíðsson og Santiago Feuillassier stóðu vaktina af miklum myndarbrag frá áramótum og út sumarið. Á haustdögum urðu töluverðar breytingar á þjálfurum en Elmar Örn, Linda og Santiago héldu öll á önnur mið og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf í þjálfun. Nýir aðalþjálfarar eru Arnar Pálmi Kristjánsson, Árdís Rún Þráinsdóttir, Bjarki Baldvinsson, Hildur Anna Brynjarsdóttir ásamt því að Óskar Páll Davíðsson heldur áfram þjálfun. Einnig starfa við þjálfun Tryggi Grani, Arnar Kári, Tómas Bjarni, Davíð Leó, Aron Bjarki og Jakob Gunnar. Við erum afskaplega stolt af þessu teymi sem stóð sig svo frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum.

Birkir Örn Kristjánsson í Smiðjunni hefur séð um styrktarþjálfun fyrir yngri flokkana í ár og gert það vel. Barna- og unglingaráð er virkilega ánæggt með samstarfið. Starfið hefur farið fram af krafti á árinu og hafa krakkarnir okkar ferðast um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar. Þeim iðkendum Völsungs sem voru valin í landsliðverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá fjölga í þeim hópi á komandi árum.

Völsungsmótið var haldið í lok ágúst og gekk það afar vel. Nýtt fyrirkomulag var prufað þar sem fyrirtæki í bænum styrktu mótið ýmist með því að kaupa velli, kaupa mótsgjöf, merkja velli eða með öðrum hætti og þökkum við styrktaraðilum sérstaklega vel fyrir þeirra aðkomu. Mótið í ár var það stærsta frá upphafi með um 900 skráða keppendur í 162 liðum. Spilað var á 16 völlum á þessu dagsmóti sem einnig er mesti fjöldi valla sem settir hafa verið upp. Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu. Skipuð var sér mótsnefnd sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og unglingaráði, Framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Slíkt mót er ekki hægt að halda án stuðnings foreldra og annarra sjálfboðaliða sem komu að uppsetningu og frágangi mótsins, tóku sjoppu- og grillvaktir eða dæmdu leiki. Það var frábært að sjá hversu margir voru viljugir að hjálpa til og aðstoða. Það er stærsti stuðningurinn sem svona mót þarf. Hagnaður Völsungsmótsins er nýttur í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna- og unglingaliðin okkar. Samþætting skóla- og tómstundarstarfs var áfram starfandi á árinu og gekk það afskaplega vel. Við erum strax farin að sjá fjölgun í þeim árgöngum sem gengu upp úr verkefninu.

Hér að neðan eru pistlar frá þjálfurum hvers flokks um það starf sem fór fram í flokkunum:

## 8. flokkur

Í sumar prófuðum við að vera með 8. flokk á sparkvöllum við Borgarhólsskóla og það kl. 8 að morgni. Ég get ekki annað sagt en að það hafi gengið glimrandi vel. Ég fékk aðstoðarþjálfara sem stóðu sig frábærlega og eiga skilið mikið hrós. Framtíðarþjálfarar þar á ferð sem náðu vel til krakkanna. Um 30 krakkar voru skráðir á æfingar í sumarfótboltanum sem



er algjört met. Fyrirkomulagið var þannig að foreldra mættu með börnin á sparkvöllinn í stað leikskólans tvisvar í viku og svo fóru krakkarnir af æfingu yfir í leikskólann í fylgd með starfsfólki leikskólans. Við fórum á Strandamótið á Dalvík 22. Júlí og vorum þar með 19 iðkendur. Völsungsmótið var svo í lok ágúst og þar vorum við með 29 iðkendur skráða á mótið. Ég er svo ánægð með alla frábæru krakkana mína og aðstoðarþjálfarana mína fjóra og á eftir að sakna ykkar alveg gríðarlega mikið.

-Linda Birgisdóttir

## 7. flokkur karla

Þessi hópur byrjaði saman í samþættingunni síðasta vetur þar sem vel tókst til. Af þeim 38 strákum sem voru skráðir héldu 25 áfram í sumar og æfðu saman þrisvar sinnum í viku. Seinasta vetur fór



hópurinn saman á tvö Stefnumót inn á Akureyri, sitthvoru megin við áramótin. Strákarnir voru fljótir að taka framförum sem sáust bersýnilega á milli móta. Það var alltaf mikið stuð á æfingum enda miklir fjörkálfar hér á ferð. Þegar sumarið loksins kom fóru þeir saman á Hattarmótið á Egilsstaði þar sem þér léku listir sínar gegn Austfirðingum og öðrum gestum. Um mitt sumar fóru þeir svo á sitt stærsta mót, Norðurálmótið á Akranesi. Þangað fóru 14 strákar í tveimur liðum og spiluðu fótbolta í þrjá daga. Veðrið setti að sjálfsögðu sinn lit á mótið og enduðum við seinasta daginn gegnblautir en allir mjög glaðir á sama tíma. Mótið gekk mjög vel og voru strákarnir bæði sér og sínu félagi til sóma innan sem utan vallar. Það var þó stutt pása þar sem strákarnir fóru saman á Strandamótið á Dalvík og sendum við þar rúmlega 20 leikmenn í fjórum liðum. Rúsinan í pylsuendanum var svo á heimavelli í lok ágúst þegar strákarnir tóku á móti jafnöldrum sínum frá Norður- og Austurlandi. Frábær dagur þar sem allir fóru glaðir heim eftir frábært fótboltasumar.

- Óskar Páll Davíðsson

## 7. flokkur kvenna

Þessi hópur byrjaði saman í samþættingunni síðasta vetur, mismunandi áhugi þar og enduðu átta stelpur á að æfa um sumarið. Flottar stelpur sem að flest allar voru að æfa í fyrsta skipti. Við fórum á tvö dagsmót um veturinn inn á Akureyri. Það sást með hverri æfingu að það var áhugi og framfarir sáust eftir hverja æfingu. Þær fóru á þrjú dagsmót í sumar, Hattarmótið, Strandarmótið og enduðu svo heima í blíðunni á Húsavík. Svona heilt yfir fannst mér sumarið ganga vel og framfarir miklar.

- Elmar Örn Guðmundsson



## 6. flokkur karla

Í 6. flokki karla í vetur voru í kringum 15 strákar, það bættist hægt og rólega í hópinn og enduðum við sumarið með rúmlega 20 stráka. Framfarirnar hafa verið gífurlega miklar á þessu eina ári og allir lögðu sig fram á æfingum og leikjum enda er mikið keppnisskap í hópnum. Flokkurinn fór á tvö dagsmót sitthvoru megin við áramót ásamt því að fara á Goðamót Þórs sem er þriggja daga gístmót haldið yfir vetrartímann. Þegar sumarið kom fórum við á Hattarmótið á Egilsstöðum þar sem vel tókst til. Í sumar fóru þeir á Króksmótið á Sauðárkróki og árangurinn mjög góður heilt yfir. Enduðum svo á Völsungsmótinu í lok ágúst og héldu glaðir heim á leið eftir sumarið.

- Óskar Páll Davíðsson

## 6. flokkur kvenna

Í 6. flokki kvenna í vetur vorum við að flakka á milli 20 og 22 íðkenda. Stór og flottur hópur, bæði stelpur sem hafa æft í nokkur ár og líka stelpur sem voru á sínu fyrsta ári. Mér fannst hópurinn góður og skemmtilegur, sjaldnast kom upp vesen hjá þeim nema þegar þurfti að ákveða hvor væri að vinna. Við fórum á nokkur dagsmót í vetur og heilt yfir góð frammistaða. Fórum svo á Goðamót og stóðu þær sig mjög vel þar. Framfarir voru miklar og það sást þegar leið á sumarið hjá okkur, enda mikið keppnisskap í mörgum. Við byrjuðum sumarið á Hattarmótinu og gekk það mjög vel, bæði sigrar og töp. Við fórum svo á tvö gístmót í sumar bæði Síamótið og Króksmótið, við sendum þrjú lið til leiks á báðum mótum og stóðu öll liðin sig vel. Enduðum svo sumarið á okkar eigin Völsungsmóti í blíðunni. Árangur yfir sumarið heilt yfir góður. Munum stelpur, allt í góðu að rífast og vera með keppnisskap á æfingum en þegar þjálfarinn segir að æfingin sé búin þá eru allar vinkonur aftur.

- Elmar Örn Guðmundsson



## 5. flokkur karla

5. flokkur karla var frekar fámennur hópur. Við létum okkur samt ekki vanta og tókum þátt á öllum mótum sem við höfðum val á. Fyrir áramót fórum við á Goðamót Þórs og í apríl var skotist inn á Akureyri og spilað á Stefnumóti KA. Vegna fámennis var á flestum æfingum æft með jafnöldrum þeirra í 5. flokki kvenna.

Við vorum skráð með lið til keppni í Íslandsmóti og er skemmst frá því að segja að guttarnir sigruðu sinn riðil. En þeir fóru taplausir í gegnum það mót með sex sigurleiki og tvö jafntefli á bakinu. Stærsta verkefni 5. flokks karla ár hvert er N1 mótið á Akureyri. Þar voru úrslitin á víxl, þó aðeins fleiri sigrar en töp.

- Santiago Feuillassier

## 5. flokkur kvenna

Í 5. flokki kvenna voru einungis átta stelpur að æfa. Við fórum snemma að æfa með 5. flokki karla um veturinn og enduðum á að æfa með þeim allt sumarið líka. Þrátt fyrir að við vorum einungis átta þá var mikið að gera hjá þeim þetta tímabil. Framfarir hjá þessu liði hafa verið góðar og liðsheildin gífurlega góð. Við fórum á tvö mót um veturinn, Stefnumótið og Goðamótið. Á Stefnumótinu töpuðu þær úrslitaleik í vítaspyrnukeppni gegn KA1 en svo tók Goðamótið við og komu þær sér aftur í úrslitaleik og unnu þá Aftureldingu 1 og tóku Goðamótsbikarinn með heim. Þær tóku þátt í Íslandsmótinu og enduðu þar með eitt tap og deildu 1. sætinu með Tindastól, flottur árangur. Þær skelltu sér til Eyja á TM mótið. Það mót var hryllilega skemmtilegt og þar sá maður hversu mikil liðsheild og gleði bjó í þessu liði. En og aftur fundu þær sér leið í úrslitaleik. Þá voru þær búnar að fara í gegnum Þrótt Reykjavík 1, Val 1 og fleiri önnur stórveldi fyrir sunnan. Þær spiluðu svo úrslitaleik við Gróttu 1 og bættu við bikar í safnið hjá sér. Næst var það Símamótið í Kópavogi. Þar skrifuðu þær sömu söguna og enduðu í úrslitaleik en ekki kom bikar heim í það skipti. Stelpurnar upplifðu bæði gleði og sorg þetta sumarið en mega vera stoltar með sína spilamennsku.

- Elmar Örn Guðmundsson



## 4. flokkur karla

Í 4. flokki karla voru 17-18 leikmenn í sumar. Liðið var skráð í Íslandsmót ásamt bikarkeppni og Rey Cup. Á Íslandsmótinu er bæði ferðast austur á land og suður á Selfoss, sem sagt allt landið undir. Eins og gengur og gerist í fjórða flokki þá voru allskonar leikir. Markaleikir og lokaðir leikir. Sigrar og töp. En heilt yfir lærdómsríkt tímabil þar sem okkar menn voru að takast á við nýjar aðstæður. Stærri völl, nýjar reglur sem því fylgja og þá hafa eiginleikar þeirra sem hafa líkamlega burði mikið vægi. Stundum reynist það okkur Völsungum erfitt á þessum aldri því oftast en ekki erum við tæknilega sterkir en það tapar kannski fyrir öðrum þáttum á þessum aldri. Tæknilegi þátturinn mun samt sem áður alltaf skila sér á endanum, síðar knattspyrnuferlinum.

Rey Cup er stærsta mótið fyrir 4. flokk á Íslandi og okkar menn skelltu sér á það. Óhætt er að segja að það hafi gengið mjög vel og aðeins eitt svekkjandi tap varð til þess að liðið endaði í 5. sæti mótsins. Mikil gleði og eins og áður þá er tekið eftir því hvernig Völsungur spilar fótbolta.

Strákarnir fara frá sumrinu og tímabilinu reynslunni ríkari og margfalt tilbúnari í að takast á við þær áskoranir sem mæta þeim í komandi verkefnum.

- Santiago Feuillasier



## 4. flokkur kvenna

4. flokkur kvenna byrjaði veturinn með 12 -13 iðkendur. Mér fannst veturinn ganga vel hjá okkur, við æfðum fjóra daga í viku og heilt yfir var mætingin góð. Við vorum nýbúin í flokkaskiptum þegar við lögðum í hann á Akureyri til að spila á Stefnumótinu. Á því móti gekk ágætlega, sumar að spila sína fyrstu leiki á 11 manna velli. Lítið gerðum við annað nema æfa restina af vetrinum og fannst mér við taka miklum frammförum á þeim tíma áður en Íslandsmótið byrjaði. Stelpurnar enduðu í 6. sæti í sínum riðli á Íslandsmótinu. Að mínu mati stóðu stelpurnar sig vel og spiluðu mjög flottan og skemmtilegan fótbolta. Framfarir miklar. Þær ættu að fara stoltar inn í veturinn eftir þetta sumar.

- Elmar Örn Guðmundsson

## 3. flokkur karla

Tímabilið hjá 3. flokki karla var heldur langt en það stóð í rétt rúmlega ár og var síðasti leikur liðsins í lok september. Í flokknum voru 17 strákar og vorum við skráðir með eitt lið í Íslandsmóti í sumar, auk þess vorum við skráðir í bikarkeppnina og duttum út þar í annari umferð. Í lotukerfinu sem byrjaði 5. mars byrjuðum við neðst en náðum að vinna okkur upp í þriðju efstu deild í annari tilraun í sumar og héldum okkur þar fyrir næsta ár. Lang stærsta verkefnið í 3.flokki karla var Gothia Cup og eftir að hafa sigrað alla leikina í riðlinum fengum við þýskt lið í fyrstu umferð úrslitakeppninnar sem var heldur stór biti fyrir okkur og tapaðist





sá leikur með minnsta mun eða 2-1 og svekkelsið mikið. Ferðin hélt þó áfram og mollin og tívólið voru þrædd þangað til að við þurftum að fara á flugvöllinn. Sumarið gekk mjög vel í alla staði og vonandi fara allir sáttir frá borði eftir það!  
-Óskar Páll Davíðsson

### 3. flokkur kvenna

3. flokkur kvenna fór í samstarf við jafnaldra sína í Einherja og héldu úti sameiginlegu liði Völsungs/Einherja í allt sumar. Liðið byrjaði að fara saman á Stefnunót KA í vetur og fékk hópurnar að kynna svolítið þar. Það var ekki fjölmennt í hópnum í sumar og vorum við í flestum leikjum 11-12 stelpur sem skilaði á endanum 2. sæti í okkar riðli í Íslandsmótinu, auk þess spiluðum við einn leik í bikarkeppninni sem tapaðist. Um miðjan júlí fór þessi hópur ásamt 3. flokki karla í ógleymanlega ferð til Svíþjóðar til að spila á Gothia Cup. Eftir að hafa verið í þó nokkru brasi í riðlakeppninni komu stelpurnar vel gíraðar í úrslitakeppnina og unnu fyrsta leikinn þar en dattu síðan nokkuð svekkjandi út í 32-liða úrslitum gegn sænsku liði, nokkuð ósanngjarnt að okkar mati. Ferðin var þó alls ekki ónýt og nýttu stelpurnar sér markmið ferðarinnar nokkuð vel sem var að eyða sem mestum peningum. Frábær ferð og skemmtilegt sumar hjá þessum stelpum sem mega vera ánægðar með sína spilamennsku í sumar!

-Óskar Páll Davíðsson

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Völsungs óskar öllum okkar iðkendum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsæls fótboltaárs 2024.

**Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs, Berglind Jóna Þorlákssdóttir, formaður  
Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, yfirþjálfari**



**KEA**

*Bragðið sem byr  
til jólin*

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á okkur því þannig gengur það að gæðunum vísunum. KEA hamborgarhryggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.



# Vinir við veginn

Við óskum Húsvíkingum og öðrum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum frábærar viðtökur við nýjustu viðbótinni í Olísfjölskyldunni, Lemon Mini.



**olis**

# Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

## Heilt ár af samþættingu skóla og frístundastarfs

Nú er komin ársreynsla af samþættingarverkefninu svokallaða sem er samstarf Grænuvalla, Borgarhólsskóla, frístundar og Völsungs um samþætt og heildstætt skóla- og íþróttastarf barna í tveimur elstu árgöngum Grænuvalla og tveimur yngstu árgöngum Borgarhólsskóla. Lagt er upp með að íþróttæfingar barna á þessum aldri sé lokið kl. 16 á daginn og fara því iðkendur í fylgd leikskólans eða frístundar á æfingar. Starfsfólk skólanna er þjálfurum því til aðstoðar og stuðnings þar sem það á við. Einnig stendur nemendum á unglingastigi það til boða í vali að aðstoða við þjálfun og vekur það almennt mikla ánægju hjá iðkendum.

Í lok febrúar á þessu ári var könnun send á foreldra barna sem taka þátt í verkefninu. Svarhlutfall var nokkuð gott og helstu niðurstöður eru þær að almenn ánægja foreldra ríkir um verkefnið. Það bar aðeins á því að foreldrar barna í 2. bekk töldu að það væri erfiðasti aldurinn þar sem nemendur höfðu áður vanist því að æfa aðeins eina íþróttagrein. Í könnuninni var foreldrum gefinn kostur á að koma með ábendingar til að bæta verkefnið og var meðal annars komið inn á það að gott væri að fá umsjónarmann yfir verkefnið. Það hefur verið brugðist við því og var Arnar Pálmi Kristjánsson ráðinn verkefnastjóri á haustdögum og bjóðum við hann velkominn til starfa.

Strax í sumar kom í ljós jákvæð áhrif sem verkefnið getur haft og augljósast er að sjá áhrifin á þessum tímamarki á sumarnámskeiði knattspyrnunnar því að hinar íþróttirnar í samþættingunni, fimleikar og blak, eru almennt ekki með sumarnámskeið. Sumarið 2023 voru 33 iðkendur skráðir á sumarnámskeið 8. flokks í knattspyrnu eða 52% af þeim sem gátu skráð sig, samanborið við 14 einstaklinga sumarið 2022.

Rannsóknir hafa sýnt að regluleg hreyfing barna stuðlar að líkamlegri og félagslegri þróun. Sýnt hefur verið fram á framfarir í samvinnu og einnig að börn sem taka þátt í bæði íþróttum og öðrum tómstundum eru með betri félagsfærni samanborið við börn sem ekki taka þátt í tómstundum utan hefðbundis skólastarfs.

Starfandi er stýrihópur sem heldur utan um verkefnið og inniheldur fulltrúa frá Völsungi, fræðslufulltrúa, íþrótt- og tómstundafulltrúa, fulltrúa frá frístund, fulltrúa frá Borgarhólsskóla og fulltrúa frá Grænuvöllum en hópurinn fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti og fer yfir þær áskoranir sem koma upp í verkefninu. Þessi hópur er sammála að nú þegar eru mælanleg jákvæð áhrif eins og þau sem iðkendatölurnar gefa til kynna en ekki síður mikilvægt að nú eru í hópi iðkenda aðilar sem við vorum ekki að ná í skipulagðar íþróttæfingar fyrir upphaf verkefnisins. Þar má nefna sem dæmi nýbúa og börn sem eru af erlendu bergi brotin. Með þessu verkefni stendur öllum börnum á þessum aldri til boða að stunda skipulagt íþróttastarf, foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu.

Það er því morgunljóst að verkefnið er komið til að vera og mun einungis eflast og styrkjast með tímanum.

**Hafrún Olgeirsdóttir íþrótt- og tómstundafulltrúi Norðurbings**



Óskum öllum  
Völsungum gleðilegra jóla  
og farsældar  
á nýju ári.

**Verstum í heimabyggð!**  
**Áfram Völsungur!**





---

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár

---

Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



**HÖFÐAVÉLAR ehf.**

Óskum viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason  
Málakameistari - Sími: 8942707

Óskum Húsvíkingum og  
Þingeyingum gleðilegra  
jóla og farsæls  
komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.



Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**HÁRIÐJAN**  
Ella og Veronika

Óskum  
viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum Völsungum  
öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



SAH BRETTI - Urðargæði 1 - 640 Húsvík  
Símar: 464 1020 & 864 1020 - Kt.: 650808-2230

Gleðileg jól  
farsælt  
komandi ár.  
Þökkum  
viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu.



Skorum með  
þrumuskotum  
á nýju ári.



**Jólagjöf**  
veiðimannsins





# Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á [landsbankinn.is](https://www.landsbankinn.is).



# Íþróttaskóli Völsungs



Íþróttaskóli Völsungs fyrir börn á leikskólaaldri hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Iðkendahópurinn hefur verið stöðugur síðustu annir, á bilinu 50-80 börn skráð og mikið fjör í tímum hjá okkur. Vegna fjölda barna höfum við verið með þrjá hópa á laugardagsmorgnum og skipt í hópa eftir aldri. Í tímunum vinnum við mikið með samhæfingu, styrk, úthald og leikgleði ásamt því að kynna fyrir börnunum ýmsa leiki og íþróttagreinar. Það er alltaf gaman að sjá börnin taka fyrstu skrefin í íþróttahöllinni með foreldrum sínum, fylgja þeim í gegnum leiki og æfingar og sjá þau bæta hreyfifærni, styrk og þol.

Óvenju mikil dagskrá hefur verið í íþróttahöllinni á haustönn og því höfum við þurft að fella niður áður skipulagða tíma. Crossfit stöðin á Húsavík bauð okkur afnot af aðstöðunni sinni og héldum við einn tíma þar við góðar undirtektir barnanna. Mikil uppsveifla hefur verið í Smiðjunni undanfarin ár og gaman að fá að prófa aðstöðuna. Við þökkum Smiðjunni kærlega fyrir afnotin.

Við þökkum fyrir árið sem er að líða og óskum iðkendum, aðstandendum og Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**Íþróttaskólakveðjur,  
Ísak Már og Selmdís.**

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum  
og Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarshólmi  
∞ 1961 ∞

  
**SMIÐJAN**  
**SJÚKRAPJÁLFUN**



**ÓSKAR YKKUR  
GLEÐILEGRA JÓLA  
OG GÓÐRAR HEILSU Á  
KOMANDI ÁRI**



Okkar bestu óskir um

*Gledileg jöl  
og farsælt  
komandi ár.*

Sérstakar þakkir til allra  
Völsunga fyrir gæfuríkt  
samstarf á liðnu ári.

**pcc**  
Bakki Silicon®



# Hlaupahópurinn Skokki 2021

## Íþróttarátt 2023 - Almenningshlaup

Hlaupasportið virtist halda ágætis stöðugleika á Húsavík á árinu 2023. Hlaupahópurinn Skokki sem lengst af hefur verið eini hlaupahópurinn í bænum hafði reyndar hægara um sig en oft áður. Kosturinn við útihlaupin er að þau er hægt að stunda hvar og hvenær sem er og þannig var algengara að sjá fólk hlaupandi á ýmsum tímum frekar en á hefðbundnum æfingatímum fyrri ára. Þó voru nokkrar góðar samverustundir, til að mynda á hrekkjavökuvöldi 31. október þegar að nokkrir liðsmenn skelltu sér hringinn kringum Botnsvatn í frábærum aðstæðum. Meðlimir létu sjá sig í nokkrum keppnishlaupum eins og jafnan. Best var mætingin í Fjögurra skóga hlaupið í Fnjóskadal og Hausthlaup UFA á Akureyri.

Hápunktur ársins í hlaupalífinu á Húsavík var klárlega endurvakning Botnsvatnshlaups Landsbankans sem hafði ekki verið haldið frá árinu 2020. Að þessu sinni var framkvæmdastjórnin samstarfsverkefni Hlaupahópsins Skokka og Smiðjunnar. Hlaupið var haldið síðdegis á föstudeginum um Mærudaga eða 28. júlí. Skráning fór rólega af stað en fór svo á fullt síðustu dagana fyrir hlaup og að ending mættu 67 hlauparar til leiks í vegalengdirnar tvær (3,3 km og 8,3 km). Í styttri vegalengdinni kom Ísabella Anna Kjartansdóttir fyrst í mark, Matthías Inza Togola varð annar og Harpa Ásgeirsdóttir þriðja. Í 8,3 km hlaupi karla varð Gunnar Árni Hinriksson hlutskarpastur, Benedikt Viðarsson varð annar og Heiðar Hrafn Halldórsson þriðji. Hjá konunum sigraði Arna Ísold Stefánsdóttir, Ruth Ragnarsdóttir varð önnur og Bergrún Eva Björnsdóttir þriðja. Fyrirnefnd Ruth átti hörkugott hlaupaár, fór víða um land í keppni og einnig til Kaupamannahafnar í hálfmaraþon. Hún endaði jafnan ofarlega í sæti.

Það eru áfram mikil tækifæri fólgin í góðri hlaupamenningu á Húsavík. Sumrin og jaðrarnir í kring opna á mikla ævintýraveröld hlaupastíga og slóða sem skipta mörgum tugum kílómetra. Það eru mikil verðmæti fólgin í slíku og fýsilegt að ákveðnum kjarnaleiðum sé vel við haldið. Með því er ýtt undir notkunina hjá göngu-, hlaupa- og hjólreiðafólki. Þannig skapast áhugi og eftirspurn sem jafnframt er lýðheilsulega mikilvægt.



**Hóll ehf**  
Höfða 11 - 640 Húsavík  
Sími/Fax: 464 2200  
e-Mail: holleh@holleh.is  
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161  
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Megi framtíðin vera björt.  
Þökkum liðnu árin.



Óskum viðskiptavinum okkar  
og öðrum þingeyingum  
Gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða





Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla  
og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnu ári.


FISKELDIÐ  
**HAUKAMYRI**

Óskum viðskiptavinum okkar  
og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla  
og gæfuríkt nýtt ár.  
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

*Kær kveðja,  
Starfsfólk Bílaleigunnar*



**b** **Bílaleiga Húsavíkur**  
Garðarsbraut 66 • Húsavík  
Símar 464 2500 & 892 3436



Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.



**STEINSTEYPIR**

STEYPA - JARÐVINNA - KJARNABORANIR - MÚRBROT

# Blak

Blakdeild Völsungs býður upp á blakæfingar fyrir allan aldur, allt frá grunnskóla og upp úr. Innan félagsins eru starfræktir meistaraflokkar karla og kvenna ásamt almenningsblaki fyrir fullorðna og krakkablak. Iðkendur eru í heildina um 70 talsins.

Þjálfarar á yfirstandandi keppnistímabili eru kanadíska parið, Kira Sutcliffe og Trey Weinmeier, sem eru yfirþjálfarar ásamt því að sjá um yngstu iðkendur deildarinnar og meistaraflokkana. Þá sér Nikkia Benitez um unglingsflokka kvenna og Hreinn Kári um unglingsflokka karla.

Þau Kira og Trey tóku við starfi yfirþjálfara af Tihomir Paunovski sem hóf þjálfun á Laugarvatni núna í haust. Kira og Trey koma úr háskólablakinu í Kanada þar sem Trey var að spila síðasta vetur en Kira að þjálfra. Áður hafðu hún leikið m.a. með Brøndby í dönsku deildinni.

## Meistaraflokkar

Á síðasta keppnistímabili í blakinu var Völsungur með meistaraflokk kvenna í efstu deild Íslandsmótsins eins og undanfarin ár. Liðinu gekk nokkuð vel á tímabilinu undir stjórn þjálfarans, Thiomir. Liðið náði m.a. inn í undanúrslit í Kjörisbikarkeppni BLÍ sem og í undanúrslit í Íslandsmóttinu eftir að hafa endað í 4. sæti í deildarkeppinni.

Í sumar urðu nokkrar breytingar á leikmannahópnum þar sem þær Ana Rita og Shelby kvöddu okkur en í staðinn komu til okkar hin kanadíska Kira ásamt hinni ungu Tamara Beerová sem er frá Slóvakíu. Þá gekk Ester Jónsdóttir einnig til liðs við okkur en hún kemur frá Þrótti Fjarðabyggð.

Liðið hefur farið ágætlega af stað í deildinni það sem af er hausti og er í harði baráttu við HK um 3. sætið sem gefur rétt á þátttöku í efri kross fyrir úrslitakeppni.

Karlaliðið spilaði í 2. deild á síðasta tímabili sem og að taka þátt í Íslandsmóti U20 þar sem keppt var í fyrsta skipti eftir nýju fyrirkomulagi, blöndu af helgarmótum og heima-/útileikjum. Það er skemmst frá því að segja að liðið varð Íslandsmeistari í báðum þessum keppnum. Sannarlega glæsilegur árangur. Í framhaldi af þessum glæsta árangri var tekin sú ákvörðun að skrá liðið í efstu deild Íslandsmótsins fyrir yfirstandandi tímabil þar sem liðið spilar nú.



## U20 lið karla 2022-2023



Ákveðið var að styrkja hópinn fyrir baráttuna í deild þeirra bestu og komu tveir erlendir leikmenn til liðs við okkur í haust, Trey frá Kanada og Marcel Pospiech frá Póllandi.

Eins og gefur að skilja er liðið, og ungir leikmenn þess, enn að aðlagast hraðanum og gæðunum í efstu deild en hefur átt fína leiki það sem af er móti.

## Meistaraflokkur kvenna 2023-2024



## Meistaraflokkur karla 2023-2024



## Landsliðsverkefni

Íslensku landsliðin í blaki tóku þátt í Evrópumóti smáþjóða í júní s.l. og þar átti Völsungur sýna fulltrúa. Í kvennaliði Íslands spiluðu þær Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir og Sigrún Marta Jónsdóttir. Voru þetta fyrstu leikir þeirra Kristeyjar og Sigrúnar fyrir A-landsliðið. Íslenska liðið stóð uppi sem sigurvegari í kvennakeppninni.

ennaliði Íslands spiluðu þær Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir og Sigrún Marta Jónsdóttir. Voru þetta fyrstu leikir þeirra Kristeyjar og Sigrúnar fyrir A-landsliðið. Íslenska liðið stóð uppi sem sigurvegari í kvennakeppninni.



### Þrjú fulltrúar Völsungs í A landsliði kvenna. Fv. Kristey, Sigrún Marta, Heiðdís Edda

Þá voru einnig þrjú leikmenn Völsungs í karllaliði Íslands á þessu móti, þeir Hreinn Kári Ólafsson, Aron Bjarki Kristjánsson og Sigurður Helgi Brynjúlfsson og spiluðu þeir allir sína fyrstu landsleiki fyrir A-landsliðið á þessu móti. Ísland hafnaði í 3. sæti hjá körlunum.



### Þrjú fulltrúar Völsungs í A landsliði karla. Fv. Aron Bjarki, Hreinn Kári, Sigurður Helgi

Í október fór síðan fram Norður-Evrópumót landsliða í U17 og U19 eins og venja er. Þar áttu Völsungar einnig sína fulltrúa.

Í U17 karla, sem fram fór í lkast í Danmörku, spiluðu þeir Aron Bjarki, Hörður Mar Jónsson og Jón Andri Hnikarsson. Voru þetta fyrstu landsleikir Jóns Andra. Liðið endaði í 5. sæti.

### Þrjú fulltrúar Völsungs í U17 ára landsliði karla. Fv. Hörður Mar, Aron Bjarki, Jón Andri

Í U19 karla, sem fram fór í Finnlandi, spiluðu þeir Aron Bjarki, Hreinn Kári og Sigurður Helgi. Liðið endaði í 6. sæti.

Í U19 kvenna, sem einnig fór fram í Finnlandi, spiluðu þær Sigrún Marta, Kristey Marín og Heiðdís Edda. Sigrún Anna var einnig valin en gat ekki tekið þátt að þessu sinni vegna meiðsla. Liðið endaði í 5. sæti.



## U19 fulltrúar Völsungs



## Yngri flokkar

Starfið var öflugt eins og síðustu ár. Haldin voru héraðsmót á Norðurlandi ásamt því að félagið sendi lið til þátttöku í Íslandsmóti að hausti, Bikarmóti BLÍ í janúar og Íslandsmóti að vori.

Íslandsmótið er samtengt og því geta aðeins lið sem taka þátt í báðum mótum unnið til verðlauna.

U12 – tvö stúlknalið tóku þátt og enduðu í 4. og 5. sæti.

U14 kk. – eitt lið sem endaði í 2. sæti.

U16 kvk. – eitt lið sem endaði í 5. sæti

U16 kk. – eitt lið í samstarfi við KA sem urðu Íslandsmeistarar

U20 kk. – eitt lið sem varð Íslandsmeistari

Bikarmótið var haldið á Akureyri að þessu sinni. Þar átti Völsungur nokkra þátttakendur.

U14 kk. – eitt lið sem endaði í 2. sæti

U16 kvk. – tvö lið sem enduðu í 4. og 5. sæti

U16 kk. – eitt lið í samstarfi við KA sem urðu Bikarmeistari

U20 kk. – eitt lið sem varð Bikarmeistari

Sannarlega flottur árangur hjá félaginu í heildina. Tveir Bikarmeistarar titlar og tveir Íslandsmeistarar titlar í yngri flokkum. Í haust tóku svo nokkrir iðkendur þátt í afreksbúðum BLÍ bæði í Mosfellsbæ sem og á Akureyri.



U14 kvk. okt. 2023



U14 kk. okt. 2023

### Almenningsblak

Stærsta verkefnið í almennings- og öldungablakinu var án efa þátttaka Völsungs í mótahaldi Öldungamóts BLÍ, Valormótinu, sem haldið var á Akureyri og Húsavík í byrjun maí. Þar unnu Völsungar baki brotnu í samstarfi við KA við undirbúning og framkvæmd mótsins sem tókst með glæsibrag. Slíkt mótahald er gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir félag eins og okkar og væri gríðarlega gott að koma að framkvæmd svona móts með reglulegu millibili til að auðvelda rekstur blakdeildar. Þetta er samt mikil vinna og mikilvægt að fá alla með í slíkt verkefni, hvort sem það eru öldungar, leikmenn meistaraflokka og yngri flokka eða foreldrar, fjölskylda og vinir. Það er því gott að hafa það í huga næst þegar þetta tækifæri býðst.

Völsungur hélt einnig sitt árlega Nýársmót í byrjun janúar sem tókst einnig mjög vel.

Einnig má geta þess að Völsungur/Efling sendu gestalið til leiks í 3. deild á eitt helgarmót. Það gekk vel en liðið fékk ekki boð um þátttöku á fleiri mót.

Eins og sjá má á þessari samantekt þá er starf deildarinnar í miklum blóma og nóg um að vera á flestum vígstöðum. Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga hefur verið góður og þökkum við kærlega fyrir samstarfið og aðstoðina sem okkur hefur verið veitt.

Starfið heldur áfram og framundan eru ýmis mót og leikir og treystum við á að Húsvíkingar og nærsveitarfólk standi áfram við bakið á blakdeildinni og haldi áfram að mæta á heimaleiki, hvetji og styðji okkar fólk.

**Blakdeild Völsungs óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.**

## Sund

### Sundnámskeið

Á vordögum var haldið, líkt og undanfarin ár, sundnámskeið í sundlaug Húsavíkur fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana. Námskeiðið sóttu að þessu sinni rúmlega 60 börn á aldrinum 4-6 ára. Kennit var í sex aldursskiptum hópum og var hverjum hópi kennt í 30 mínútur í senn, alls átta skipti. Markmiðið með námskeiðinu var fyrst og fremst að börnin myndu öðlast öryggi og vellíðan í vatni í gegnum margvíslega leiki en einnig var unnið markvisst með flot og köfun og grunn sundtækni, allt eftir þroska og getu hvers hóps. Til að vinna að markmiðum námskeiðsins með börnunum var m.a. notast við flotnúðlur, korka, flotdýnur og ýmislegt köfunardót. Námskeiðið var skipulagt þannig að börnin komu í fylgd forráðamanna sem aðstoðuðu þau í gegnum sundklefana og tóku kennarar við börnunum ofan í lauginni ásamt aðstoðarmönnum en við höfum verið svo lánsöm að vera í samstarfi við vinnuskólann og fengið duglega krakka til liðs við okkur. Í sumar aðstoðuðu Jón Helgi, Karen Linda, Jón Stefán og Arnrún Eva okkur. Við þökkum bæði þessum flottu krökkum og Norðurþingi fyrir aðstoðina við námskeiðið.

Það var afar ánægjulegt að vinna með börnunum á námskeiðinu, bæði að upplifa gleðina og hugrekkið sem einkenni þau og einnig að sjá hvernig öryggið og færnin jókst með hverjum tímanum. Mörg börn voru að koma á sitt fyrsta sundnámskeið en önnur að ljúka sínu þriðja námskeiði en öll tóku þau framförum, hvert á sinn hátt. Flest voru farin að kafa og mörg voru farin að geta bjargað sér með sundtökum nokkra metra á grunnu lauginni. Leikskólasundið kemur sér vel þegar kemur að því að fara í grunnskóla og skólasund því við vitum að þau börn sem hafa verið hjá okkur á námskeiði koma vel undirbúin fyrir fyrsta árið í skólasundi.

Við þökkum sundnemendum okkar og foreldrum fyrir ánægjulega samveru í sundlauginni í sumar og hlökkum til að taka á móti gömlum og nýjum sundnemendum næsta vor.

**Jólaþak, Adda og Lilja**

# Hjól

## Hjólreiðadeild Völsungs 640MTB

Árið 2023 var nokkuð yfirgripsmikið og var félagið með margar hugmyndir, ekki náðist að framkvæma allt svona eins og vill stundum verða en samt náðum við að byrja á Stallasvæðinu eftir að hafa farið í gegnum hönnunarferli og ráðleggingar. Svæðið var afmarkað og gerðar þrjár leiðir niður í gegn með hoppum og skoppum. Einnig var gerð slóð niður á svæðið ofan frá efsta staur gömlu skíðalyftunnar en það opnar á að tengja svæðið frá bænum í gegnum Auðbrekku og frá veginum um Húsavíkurfjall. Planið er að smíða tvö mishá dropp og erum við búnir að afla okkur alls efnis í þá völundarsmíði. Unnið verður við það í vetur að koma þeim hluta saman og setja svo upp vorið 2024 en búið er að gera allt aðgengi, lendingu ásamt tveimur skemmtilegum beygjum sem tengjast þessu. Einnig er stefnt á að smíða jafnvægisbraut úr timbri sem verður tengd svæðinu.

Lágmarksviðhald var á sjálfri enduro brautinni en hún var yfirfarin til að hafa hana örugga og í lagi. Slegið var meðfram henni og merkingar lagaðar. Planið fyrir næsta ár er að taka hana í gegn og gera talsverðar endurbætur. Tengivegur frá Botnsvatni varð svolítið útundan en hann verður betrubættur á næstkomandi sumri. Áætlað er að tengja slóða frá girðingarhorni við Krubb yfir að Meyjarskarði en þar opnast frábær viðbót sem er hringur sem tenging frá bænum, um Húsavíkurfjall, Krubb og brautina sem er mjög spennandi viðbót.

Í vor var frumsýnd heimildarmynd sem Kanadabúinn og atvinnuhjolarinn Mark Matthews gerði ásamt samlöndum sínum, kvikmyndatökumanninum Scott Bell og ljósmyndaranum Bruno Long. Við fengum að taka þátt í þessu sem var gríðar gaman og mikil auglýsing fyrir svæðið. Einnig kom Kuldi.net í sumar og setti upp skemmtilegan viðburð upp við Stalla þar sem þeir komu með hjól frá Nukeproof til prufu og kom fjöldi fólks til að prófa og hafa gaman.

Þetta var fyrsta árið sem við settum á félagsgjöld sem skiluðu sér ágætlega og kemur það sér mjög vel til að hægt sé að halda áfram þessu starfi á fullu.

Ekkert af þessu væri hægt nema hafa gott fólk í þessum með okkur og viljum við þakka Norðurþingi fyrir mjög farsælt samstarf ásamt Vinnuvélum Eypórs og Höfðavélum sem hafa klárlega verið betri en enginn. Einnig hvetjum við fólk til að hafa samband sem langar að leggja hönd á plóginn því fleiri hendur skila sér í meiri uppbyggingu. Við bendum áhugasömum á facebook- og Instagram síður félagsins 640MTB en þar er hægt að fylgjast með okkur.

### Fyrir hönd 640MTB

**Aðalgeir Sævar Óskarsson, Guðni Már Kjartansson  
Guðmundur Helgi Jóhannsson, Gunnólfur Sveinsson  
Þórólfur Jón Ingólfsson**





*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.*

*Bestu þakkir fyrir viðskiptin  
á árinu sem er að líða.*



*Trésmiðjan Rein*



## *Norðurþing*

---

*Óskar íbúum sveitarfélagsins  
og landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á  
komandi ári*


*Þökkum samskiptin  
á liðnu ári*





# *Gledileg jól*

*KEA óskar félagsmönnum  
sem og samstarfsaðilum sínum  
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári*








# \* Jólakveðja \*

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í  
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og  
fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og  
landsmönnum öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Þingið  
Hrunabúð SF



ÓSKUM  
VÖLSUNGUM  
OG LANDSMÖNNUM  
ÖLLUM  
GLEÐILEGRA JÓLA  
OG FARSÆLDAR  
Á NÝJU ÁRI.

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum  
ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF

hérna  
HÚSAVÍK





*Við óskum ykkur  
gleðilegrar hátíðar og  
farsældar á komandi ári*





# Pitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins. Kraftmikil verðmætasköpun stendur undir þeirri velsæld sem Íslendingar búa við.

Við erum stolt af því að stór hluti fyrirtækja, af öllum stærðargráðum, treysta okkur fyrir sínum viðskiptum.

[islandsbanki.is](https://islandsbanki.is)

# Fimleikar

## Jóla- og nýárskeiðs fimleikadeildar

Erfitt hefur verið að halda úti starfsemi fimleikadeildarinnar í ár en áhuga barnanna er til staðar og það er drifkrafturinn sem hvetur stjórn fimleikadeildarinnar áfram í að halda æfingum gangandi. Erfitt hefur verið að ráða þjálfara og að fá foreldra í stjórn. Mikil vinna hefur verið lögð á fáar hendur. Fyrir nokkrum vikum sendum við út ákall um hjálp sem var vel svarað. Við erum komin með fimm aðila sem hafa áhuga að þjálfa fimleika og fjóra foreldra sem eru tilbúnir að koma og vera okkur innan handa í stjórn.

Samþættingarverkefnið hefur það í för með sér að stór hópur barna á aldrinum 4-7 ára er að æfa og þar liggja tækifæri okkar til að kynna og vekja áhuga barna á fimleikum. Þetta hefur borðið árangur og æfa nú um 20 börn fimleika í elsta hópnunum.

Í febrúar gafst okkur aftur tækifæri til að fara á æfingu hjá fimleikafélagi Hattar á Egilstöðum. Vel var tekið á móti okkur og börnin alsæl að fá tækifæri til að æfa í frábæru nýju fimleikahúsi með öllum áhöldum sem til þarf við æfingar.

Það hefur reynst okkur vel að halda vorsýningu og sýningin á þessu ári var ekki nein undantekning. Þátttaka þeirra barna sem æfa fimleika í gegnum samþættinguna var góð en þau fengu að velja hvort þau vildu taka þátt eða ekki. Þátttaka eldri barnanna var mjög góð og allir stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar. Í þetta sinn vorum við ekki í samstarfi við tónlistarskólann en sýningin tókst í alla staði vel og nemendur sýndu það sem þeir höfðu lært um veturinn.

Við viljum þakka þjálfurum fyrir samstarfið á liðnu ári en það eru Natascha Christina Damen, Magdalena Orlinska, Sara Kristín Smáradóttir og Klaudia Dabrowska.

Einnig þökkum við Iolanda Simões Fernandes, Dagnýju Önnu Laufeyjardóttur og Aga Kalemba fyrir aðstoðina og þjáfunina á síðustu árum en þær eru því miður hættar og fluttar frá Húsavík.

**Með jóla- og nýárskeiðjum  
Fyrir hönd fimleikadeildar Völsungs,  
Iris Myriam Waitz og Guðrún Kristinsdóttir**



# Skíðaganga

Síðastliðinn vetur var aðeins að stríða okkur skíðagöngufólki svona rétt í byrjun nýs árs, leiðinda „lágarenningur“ fyrstu vikunnar. En eins og alltaf á Gömlu Vík þá brestur hann á með blíðu fyrr en seinna. Fyrstu brautir voru gerðar upp á Reykjaheiði (Skíðasvæði Norðurlþings) í desember og var hægt að ganga við ágæt skilyrði, eftir lágarenninginn fram yfir páska. Þá er gaman að sjá að það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér göngubrautir á Reykjaheiði, bæði heimafólk og gestir. Buch – Orkugangan var haldin 8. apríl, sem var laugardagurinn um páska sem er nýtt. Gangan var haldin á skíðasvæðinu okkar í dásamlega góðu veðri. Fullt af frábærum sjálfboðaliðum lögðu hönd á plóg til að láta þetta nú allt saman ganga upp og tókst það aldeilis bærilega. Brautirnar voru lagðar í flotta hringi með „beygjum, brekkum og brú“, keppt var í 5, 10 og 20 km göngu. Rétt um 100 manns á öllum aldri og alls staðar af á landinu tóku þátt í göngunni og skemmtu sér alveg ljómandi vel. Allir eru hjartanlega velkomnir í keppni sem þessa og þá alveg sérstaklega heimafólk á Húsavík. Buch-Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er í gangi um allt Ísland. Þeir sem vilja sameina skíðagöngu með því að heimsækja önnur skíðasvæði á Íslandi og skemmta sér, eru hjartanlega velkomnir að taka þátt í öðrum hlutum Íslandsgöngunnar. Það skiptir ekki máli hversu góður eða hvaða reynslu þú hefur af gönguskíðum – þetta er fyrir alla.

Fylgstu með Facebook síðu okkar, Skíðagöngudeild Völsungs, varðandi nýjar upplýsingar og ef þú hefur einhverjar spurningar um skíðagöngu er þér hjartanlega velkomið að senda okkur skilaboð og við munum gera okkar besta til að svara. Svo er Kári Páll og hans fólk niður í Ísfalli með allan búnað sem þarf fyrir gönguskíðin og Kári hafsjór af fróðleik um hvað þarf og hvað þarf ekki til að byrja með. Reyndar hefur hann náð að selja æði mörgum 10-20 m ofurtóg með skíðapakkanum, þannig að passið ykkur á að segja nei þegar hann býður ykkur tógið, það gagnast ekkert á gönguskíðum!!

Í nokkurn tíma hafa menn verið að huga að lýsingu á svæðinu í kringum „kofann“ okkar og núna í haust hefur verið unnið að uppsetning á kösturum og fleiru í samvinnu við Norðurlþing. Áætlað er að fara rólega af stað, þetta yrði kannski 1-2 km spor sem væri hægt að ganga í vonandi þokkalegri birtu.

Skíðagöngunefndin óskar öllum sem láta sjá sig á Heiðinni og hinum líka, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

Daglegar uppfærslur um aðstæður og skíðaspor verða birtar á Facebook-síðu Skíðasvæðis Norðurlþings.



# Sögubrot af Völsungi

Þessar skemmtilegu myndir birtust á heilsíðu í Þjóðviljanum eftir að Völsungar urðu Íslandsmeistarar í 2. deild karla í knattspyrnu árið 1986. Húsvíkingurinn Einar Ólafson ljósmyndari tók þessar myndir sem sýna mjög vel hve gleðin var mikil þegar ljóst var að félagið hafði náð þeim magnaða árangri að spila í 1. deildinni. Félagið byrjaði að spila í deildarkeppni í knattspyrnu árið 1967 og náði þessum langþráða draumi að fá að spila með bestu knattspyrnuliðum á Íslandi 19 árum seinna. Það var einvala lið sem náði þessu markmiði, bæði frábærir leikmenn, samstillt stjórn knattspyrnudeildarinnar og félagsins. Það er alltaf mögulegt að ná langt í íþróttum þegar fólk leggur mikið á sig, vinnur saman og fær góðan stuðning frá samfélaginu. Afrek sem unnin eru í íþróttum er alltaf góð kynning fyrir sveitarfélög og eflir samtakamát þeirra.



Fögnuðurnin leyfir sér ekki. 1. sæti og 1. deild. Frá vinstri Sveinn Freysson, Björn Ólafsson hjóliði og Birgir Skúason.

## Húsvíkurhátíð

# Brostu út að öxlum

Myndir frá sigurhátíð húsvískra Völsunga sem fögnuðu í heila viku sigri í 2. deild

Það má vist seja að líf manna á Húsavík hafi ekki snúist um annað síðustu daga en fótbolta. Knattspyrnulið staðarins gerðist svo löstakt í sparkinu að vinna sigur í 2. deildinni og fá þar með rétt til að sparka fótbolta í 1. deild.

Svo mikill var þamagangurinn að menn voru meira og minna frá vinnu dögum saman. Það var engu líkara en sjálfur heimsmeistarastíllinn hefði komist í hendur húsvískra. Gamlir sparkunnendur slást brosa út að öxlum og fjandmenn féllust í

faðma. Daglegt líf manna í bænum snerist ekki um annað en fótbolta. Ötrúlegasta fólk var farið að hafa áhuga á þróttinni til að vera viðræðuhaft á sínum vinnustað.

saman að ferast í eðlilegt horf og framundan er sumar með tilbökkun um fótboltspark, rangstöðu, bakhringingu, tæklingar og goð má vita hvað.

og gallharður Völsungur var að sjálfsgöðu mettur til að fylgjast með framvindu gleðinnar í bænum og árangur ferðarinnar sjáum við hér til húðar.

— ab/Húsavík

En líf Húsvíkinga er smám

Einar Ólafsson ljósmyndari Þjóðviljans af húsvískum ættum




Helja leiksins var Jónas Halgrímsson sem skorandi bæði mörkin fyrir Völsung í 2-1 sigri yfir Selhýsingum.



Stelpumar á Húsavík eru ekki síður áhugasamar en strákarir í fótbolnanum og þær kunnu sín ráð til að hvefja sína menn.



Freyr formaður klökkur enda draumurinn loksins búinn að rælast.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**GPG Seafood**  
óskar ykkur öllum  
gleðilegrar jólahátíðar  
og farsældar á nýju ári.



# Meistaraflokkar í knattspyrnu



Tímabilið 2023 er þá liðið. Knattspyrnuráð karla og kvenna voru sameinuð í eitt ráð í upphafi árs, að sumu leyti til að vera ekki að vinna tvöföld verk en líka vegna mannekle. Það var og er þó hugur í ráðinu og var Aðalsteinn Jóhann Friðriksson ráðinn þjálfari meistaraflokks karla samhliða því að vera þjálfari meistaraflokks kvenna. Það var ný nálgun svona í seinni tíð og stóð Alli sig vel með liðin þrátt fyrir mikið álag og ferðalög. Bjarki Baldvinsson var ráðinn Alla til aðstoðar karla megin en því miður fannst enginn kvenna megin.

Völsungur og Þór/KA gerðu með sér á vordögum samkomulag um samstarf félaganna. Samstarf þetta felur meðal annars í sér að ungir og efnilegir leikmenn kvennaliðs Þór/KA geta komið á láni til Völsungs og þannig fengið smjörþef af meistaraflokksbolta sem hjálpar báðum félögum. Völsungi til að fá leikmenn og að halda úti liði, Þór/KA til að blóðga framtíðarleikmenn félagsins.

Samstarfið felur í sér ýmislegt fleira en til að nefna eitthvað þá geta þjálfarar Völsungs kynnt sér starf Þór/KA og fylgst með undirbúningi liðsins í Bestu deild kvenna og þá geta ungir og efnilegir leikmenn mátað sig við hærra getustig og fengið að koma inn á æfingar hjá Þór/KA Þetta fyrsta samstarfsár félaganna var gott og vonandi getum við framlengt það, öllum til heilla.

Vetrar- og vormótin gáfu nauðsynlegar mínútur í okkar reynslulitlu leikmannahópa. Kvennaliðið okkar vann frábæran Lengjubikarstitil, rétt fyrir deildarkeppnina, fyrir fullri brekku á Húsavíkurvelli eftir vítaspyrnukeppni gegn Fjölni.

Við tefldum fram gríðarlega ungum liðum í báðum meistaraflokkum þetta árið og liðin okkar stóðu sig vel. Fullt af sigurum unnust og við byggðum grunn sem við ætlum okkur að byggja áfram á.

Strákarnir okkar voru með næst yngsta meðalaldurinn í 2. deild í sumar. Mikil reynsla sem menn lögðu inn í bankann fyrir framhaldið. Stelpurnar okkar unnu frábæran Lengjubikarstitil í vor og gefur hann öllu okkar starfi mikið. Stöðugleiki var sennilega okkar versti óvinur í sumar en það kemur allt.

Bjarki Baldvinsson náði því magnaða afreki að leika sinn 300. leik fyrir meistaraflokk Völsungs og er það ótrúlegt afrek. Við hér með ítrekum þakkar til Bjarka fyrir sitt framlag til knattspyrnunnar á Húsavík. Fyrirliðar karla- og kvennaliðanna, þau Arnar Pálmi Kristjánsson og Árdís Rún Þráinsdóttir, afrekuðu bæði að spila sinn 100. leik fyrir meistaraflokka Völsungs þrátt fyrir ungan aldur sinn og eiga þau bæði mikið hrós skilið fyrir sitt framlag.

Venju samkvæmt kusu leikmenn, þjálfarar og stjórn leikmenn ársins á lokahófi félagsins í haust og enduðu kosningar á eftirfarandi hátt:

Bestu leikmenn meistaraflokka árið 2023 voru Arnar Pálmi Kristjánsson og Hildur Anna Brynjarsdóttir.

Efnilegustu leikmenn meistaraflokka árið 2023 voru Jakob Gunnar Sigurðsson og Halla Bríet Kristjánsdóttir.

Völsungar ársins 2023 voru Einar Ísfjörð Sigurpálsson og Árdís Rún Þráinsdóttir.

Við þökkum leikmönnum, sjálfbóðaliðum og Völsungum öllum sérstaklega fyrir sumarið. Við hlökkum mikið til fótoltasumarsins 2024!

**ÁFRAM VÖLSUNGUR!!!!**







# Gleðileg jól

STARFSFÓLK ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA ÓSKAR ÞÉR  
GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR, FARSÆLDAR OG FRÍÐAR, MEÐ ÞÖKK  
FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA



[WWW.HAC.IS](http://WWW.HAC.IS)



Starfsfólk ÍSFELL  
óskar öllum gleðilegra  
jóla og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



 **ÍSFELL**

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**LögEign**



Óskum öllum  
Völsungum gleðilegra  
jóla og farsældar  
á nýju ári.



**ENOR**

*Gleðilega hátíð*

Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þakklæti fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

 **VERKÍS**



# VÖLSUNGSVÖRURNAR FRÁ



# PUMA®

FÁST Í

**SKÓBÚÐ**

**HÚSAVÍKUR**



Óskum Völsungum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.

- Áfram Völsungur -



*BELKOD*

*ÓSKAR YKKUR  
GLEÐILEGRA JÓLA  
OG FARSÆLT NÝTT  
ÁR MEÐ ÞÖKK  
FYRIR VIÐSKIPTIN  
Á ÁRINU.*

**BELKOD**

*HLÝJAR  
JÓLAKVÆÐJUR*



**ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR**